

Forsætisráðuneyti  
b/t Páll Þórhallsson  
Stjórnarráðshúsinu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2019  
UST201910-202/A.B.  
10.05.00

**Efni: Umsögn - Áform Rauðakambs ehf. um fyrirhugaða uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**


Vísað er til erindis Forsætisráðuneytisins er barst 18. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um áform Rauðakambs ehf. um fyrirhugaða uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn varðandi áformin vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 28. maí 2018, í umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið dags. 30. maí 2018 og í umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu dags. 17. janúar 2019. Umhverfisstofnun vísar til framangreindra umsagna hvað varðar afstöðu stofnunarinnar til áforma um uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti.

**Friðlýsing**

Umhverfisstofnun vinnur nú að undirbúningi friðlýsingar í Þjórsárdal. Fyrirhugað hótél og baðstaður er innan þeirra marka sem fyrirhugað er að friðlýsingin nái til. Á fundi samstarfshópsins, sem í eiga sæti fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Umhverfisstofnunar, forsætisráðuneytisins, Skógræktarinnar og Minjastofnunar, sem haldin var þann 22. október sl. var ákveðið að gerðar yrðu breytingar á þeim friðlýsingaskilmálum sem auglýstir voru til athugasemda þess efnis að fyrrgreindar framkvæmdir verði í samræmi við friðlýsingarskilmála og að vísað verði til gildandi skipulags og gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru til uppbyggingar.

Frá upphafi undirbúnings friðlýsingarinnar hefur komið skýrt fram að samstarfshópurinn miðar við að þær áætlanir um landnotkun sem hafa verið samþykktar með aðal- og deiliskipulagi halda gildi sínu og að tillaga að friðlýsingu samræmdist þeim áformum.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur